

Fundur nr. 246

Ár 2024, þriðjudaginn 20. ágúst kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Másson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Guðmundur Ingpór Guðjónsson (í fjarfundarbúnaði)
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson

Auk þeirra voru á fundinum Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs og Gunnar Tryggvason, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Öryggi, heilsa og umhverfi

Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd.

2. Mánaðaryfirlit hafnarstjóra

Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra og rætt.

3. Hálfársuppgjör Faxaflóahafna

Ragnheiður Ragnarsdóttir, deildarstjóri fjármála kom á fundinn undir þessum lið. Kynnti hún og Jón Garðar Jörundsson hálfársuppgjör Faxaflóahafna. Tekjur félagsins námu 2.701 m.kr. sem er 16% umfram áætlun og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBITDA) nam 732 m.kr. sem er 0,8% umfram áætlun. Tekjuaukinn og skýrist að mestu af aukningu í farþegaskiptum skemmtiferðaskipa umfram það sem ráð var fyrir gert.

Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði og óreglulega liði nam 469 m.kr. sem er 22,7% betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

4. Forkaupsréttarmál

Hafnarstjóri kynnti að fallið hafi verið frá forkaupsrétti eftirfarandi fasteigna með venjulegum fyrirvara um að afnot lóða falli að gildandi deiliskipulagi og lóðarleigusamningum:

- a. Erindi Fasteignafélagsins Nýfasteign ehf. um sölu að Fiskislóð 45, Reykjavík. Fasta nr. 228-4612 og 228-4618. Kaupandi SGK ehf.

5. Skýrsla Reykjavík Economics

Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna kom á fundinn undir þessum lið. Kynnti hann ásamt Jóni Garðari Jörundssyni skýrslu Reykjavík Economics um efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa. Skýrslan er aðgengileg á vef Faxaflóahafna.

6. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 11:20